



Fundargerð 10. desember 2018

Sameiginlegur fundur framkvæmdastjórnar og félagastjórnar Sósíalístaflökks Íslands, haldinn 10. desember 2018 í húsakynnum Hlutverkaseturs Borgartúni 1. Fundur hófst kl 19:10.

Mætt voru Andri Sigurðsson, Bogi Reynisson, Pálína Sjöfn Þórarinsdóttir, Viggó K. Jóhannsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Elsa Björk Harðardóttir, Katrín Baldursdóttir, Sigurður H. Einarsson, Hallgrímur Hallgrímsson og Reinhold Richter.

1. Umræður um sellur. Hafnarsellan hittist tvisvar í viku og næsti fundur er á miðvikudaginn, síðasti fundur á árinu.
2. Virkjun Samvisku. Það vantar enn rúmlega tíu manns og stefnt að því að halda annað úthringikvöld. María ætlar að tala við Atla og staðfesta hvenær það væri hægt varðandi að senda út fleiri pósta á slembivalda félagsmenn.
3. Maístjarnan. Vefsíða verður tilbúin á morgun þriðjudag og þá verður hægt að byrja að kynna verkefnið. Stefnt að því að halda plötumarkað um helgina með safninu hans Óla skiltakarls sem mun renna í sjóðinn.
4. Verkaskipting félagastjórnar. Stefnt að því að halda fund félagastjórnar á næstunni til að ganga frá verkaskiptingu formanns, varaformanns og ritara. Helst fyrir áramót.
5. Kröfur Starfsgreinasambandsins. Gunnar Smári segir frá hugmynd um að kröfur verkalýðhreyfingarinnar verði sjálfkrafa stefna flokksins. Umræður um málið og ákveðið að halda áfram að ræða málið.

Önnur mál:

Ákveðið að María og Bogi setji saman tillögur um að kaupa vesti, boli og merki til að selja.